



FJÁRMÁLAEFTIRLITID  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Umsókn um innheimtuleyfi

Nafn umsækjanda:

Kt.:

Heimilisfang:

Sími:  
GSM:  
Tölvupóstur:

Sveitarfélag:

Frankvæmdastjóri/Yfirmaður lögaðila:

*(Ef umsækjandi er lögaðili)*

Sími:  
GSM:  
Tölvupóstur:

Stutt lýsing á starfsemi umsækjanda:

*Hvernig hún fari fram, m.a. hvort umsækjandi innheimtir kröfur fyrir aðra, vegna eigin starfsemi og/eða kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni.*

### Eftirfarandi skjöl þurfa að fylgja umsókn:

Ef umsækjandi er lögaðili ber framkvæmdastjóra eða yfirmanni viðkomandi starfsemi að uppfylla skilyrði 4. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 og skila inn viðeigandi gögnum því til staðfestingar í stað umsækjanda. Jafnframt skal lögaðili skila inn staðfestingu á að bú hans hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta, hann hafi ekki fengið né beðið um greiðslustöðvun og sé ekki í vanskilum með vörsluskatta.

Staðfesting dómsmálaráðuneytis á lögræði umsækjanda

Upplýsingar um starfsskipulag viðkomandi innheimtustarfsemi

*Hvernig henni verði sinnt, skipurit, fjöldi starfsmanna o.fl.*

Staðfesting héraðsdóms í umdæmi umsækjanda þess efnis að umsækjandi (einstaklingur eða lögaðili) hafi undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun né bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta

Viðskipta- og rekstraráætlun fyrir viðkomandi innheimtustarfsemi

Sakarvottorð umsækjanda, gefið út af skrifstofu lögreglustjóra í umdæmi umsækjanda

Ársskýrslur viðkomandi innheimtustarfsemi sl. 3 ár ef starfsemi er þegar hafin

Staðfesting þjóðskrár á lögheimili umsækjanda hér á landi

Upplýsingar um stofnendur, hluthafa, stjórnarmenn, framkvæmdarstjóra og aðra stjórnendur innheimtustarfseminnar

Staðfesting tollstjórans í Reykjavík eða sýslumanns í öðrum umdæmum, þess efnis að umsækjandi (einstaklingur eða lögaðili) sé ekki í vanskilum með vörsluskatta

Staðfesting frá váttryggingafélagi um váttryggingu eða staðfestingu frá banka eða sparisjóði um bankaábyrgð sem fullnægir skilyrðum 14. gr. innheimtulaga nr. 95/2008

*Ekki skilyrði ef umsækjandi hyggst einungis innheimta eigin peningakröfur skv. 5. gr. innheimtulaga*

Spurningalisti Fjármálaeftirlitsins um hæfi umsækjanda

Annað sem umsækjandi vill leggja fram:

Náms- og starfsferilsyfirlit umsækjanda

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Umsækjanda ber að hafa fasta starfsstöð á Íslandi.

Á ekki við ef umsækjandi hyggst einungis innheimta eigin peningakröfur skv. 5. gr. innheimtulaga

Undirskrift umsækjanda \_\_\_\_\_

Staður og dagsetning \_\_\_\_\_

## Innheimtulög nr. 95/2008

### II. KAFLI

#### Skilyrði til að mega stunda innheimtu.

##### 3. gr.

*Skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra.*

Innheimtuaðilar mega því aðeins stunda innheimtu fyrir aðra:

- a. að þeir hafi fengið innheimtuleyfi skv. 15. gr., sbr. 4. gr.;
- b. að innheimtan sé stunduð frá fastri starfsstöð hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland; og
- c. að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé í gildi.

Lögmenn mega þó stunda innheimtu án innheimtuleyfis, svo og opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki.

##### 4. gr.

*Veiting innheimtuleyfis.*

Innheimtuleyfi er veitt á grundvelli umsóknar frá einstaklingi sem:

- a. er lögráða og hefur undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun né bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta;
- b. hefur óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis, sbr. 5. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis;
- c. býr yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta gegnt starfi sínu á tillýðilegan hátt;
- d. hefur lögheimili hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland;
- e. er ekki í vanskilum með vörsluskatta.

Innheimtuleyfi er einnig veitt samkvæmt umsókn frá lögaðila enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi skilyrðum 1. mgr. Lögaðilinn skal fullnægja skilyrðum a- og e-liðar 1. mgr.

##### 5. gr.

*Innheimta eigin peningakröfu.*

Ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni þarf innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum.

## Lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000

##### 5. gr.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.